

**488. fundur skipulags- og mannvirkjanefndar  
haldinn í fundarsal bæjarstjórnar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, 22. nóvember  
2017 og hófst hann kl. 08:00.**

**Fundinn sátu:**

Sigurður Jón Hreinsson formaður, Magni Hreinn Jónsson varaformaður, Sigurður Mar Óskarsson aðalmaður, Lína Björg Tryggvadóttir aðalmaður, Guðfinna M Hreiðarsdóttir aðalmaður og Ásvaldur Magnússon áheyrnarfulltrúi.

**Embættismenn:**

Brynjar Þór Jónasson, sviðsstjóri umhverfis- og eignasviðs og Axel Rodriguez Överby, skipulags- og byggingarfulltrúi.

**Fundargerð ritaði:** Axel Rodriguez Överby, skipulags- og byggingarfulltrúi.

**Dagskrá:**

**1. Fjárhagsáætlun 2018 - 2017020049**

Kynntar eru gjaldskrár fyrir árið 2018 vegna gatnagerðar og byggingarleyfisgjalda ásamt gjaldskrá fyrir skipulagsbreytingar og framkvæmdaleyfi.

*Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til við bæjarstjórn að samþykkja hækkun gjaldskráa skv. byggingavísitölu og verðbólguþéttum.*

**2. Björgunarsveitin Sæbjörg - Umsókn um stöðuleyfi - 2017110043**

Björgunarsveitin Sæbjörg Flateyri, sækir um stöðuleyfi fyrir gám, ásamt því að klæða gáminn við húsið. Fylgigögn er umsókn ódagsett og óundirrituð.

*Erindi frestað.*

**3. Bátaskýli - Umsókn um stöðuleyfi - 2017110044**

Ómar Helgason sækir um stöðuleyfi fyrir bátaskýli við Strandgötu 7b Hnifsdal, meðfylgjandi er umsókn dags. 13. nóvember

*Skipulags- og mannvirkjanefnd samþykkir að veita stöðuleyfi til eins árs.*

**4. Deiliskipulag - Naustahvilft - 2016100047**

Lögð fram drög að greinargerð vegna aðalskipulagsbreytinga við Naustahvilft, ásamt drögum að greinargerð fyrir nýtt deiliskipulag dags. okt. 2017 ásamt uppdraetti dags. 13.09.2017

*Lagt fram til kynningar.*

**5. Tunguskeiði - Óveruleg breyting á deiliskipulagi. - 2017010033**

Lögð fram greinargerð frá Verkís dags. 20. okt. vegna deiliskipulagsbreytinga iðnaðarhluta Tunguskeiðis, ásamt uppdrætti dags. 20. október 2017

*Skipulagsfulltrúa falið að vinna málið áfram.*

#### **6. Hestamannafélagið Hending - Reiðhöll stækkun lóðar - 2017100057**

Lagður er fram uppdráttur frá Verkís hf. dags. 17.11.2017 af óverulegri breytingu á deiliskipulagi í Engidal sem samþykkt var í bæjarstjórn 28.01.2010. Breytingin felst í því að lóð er afmörkuð fyrir reiðhöll og byggingarreitur er stækkaður, jafnframt eru upp færðar hættumatslínur og lega árinna.

*Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til við bæjarstjórn að samþykkja breytingu skv. 1. mgr. 43.gr. skipulagslaga nr. 123/2010*

*Nefndin telur staðsetningu hússins vera ásættanlega m.t.t. nálægðar við Engidalsá, ekki er um neina tilfærslu á fyrra skipulagi, svæðið er allt mjög raskað. Jafnframt er staðsetning væntanlegrar reiðhallar í samræmi við það sem er með önnur hús á svæðinu.*

#### **7. Umsókn um framkvæmdaleyfi - Göngustígur - 2017100052**

Brynjar Þór Jónasson, f.h. Tæknideildar Ísafjarðarbæjar, sækir um framkvæmdaleyfi vegna göngstígs í hlíðum Spillis ofan Suðureyrar. Fylgigögn eru undirrituð umsókn dags. 15.11.2017, minnisblað frá Verkís dags. 31.10.2017, bréf frá hverfisráði dags. 14.11.2017, hnitsettur uppdráttur dags. 20.10.2017, yfirlitsmynd og þversnið dags. 03.11.2017.

*Skipulags og mannvirkjanefnd samþykkir útgáfu framkvæmdaleyfis.*

#### **Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 09:15**

---

Sigurður Jón Hreinsson

---

Magni Hreinn Jónsson

---

Sigurður Mar Óskarsson

---

Lína Björg Tryggvadóttir

---

Guðfinna M Hreiðarsdóttir

---

Ásvaldur Magnússon

---

Brynjar Þór Jónasson

---

Axel Rodriguez Överby